

Akrahreppur - hreppsnefndarfundur 9. desember 2019

17. fundur 2018 – 2022

Fundarstaður: Héðinsminni og hefst fundur klukkan 18.30

Nefndarmenn: Drífa Árnadóttir, Einar Gunnarsson, Eyþór Einarsson, Porkell Gíslason og Hrefna Jóhannesdóttir.

Fundargerð 17. fundar

1. Fjárhagsáætlun 2020

Fjárhagsáætlun Akrahrepps fyrir árið 2020 samþykkt. Einnig var samþykkt þriggja ára áætlun 2021-2023.

Í tengslum við komandi fjárhagsáætlun fyrir 2020 er samþykkt að álagningarhlutfall útsvars verði hámarksútsvar, eða 14,52%.

Oddvita falið að endurskoða reglur um afslátt af fasteignaskatti fyrir árið 2020 og leggja fyrir hreppsnefnd á nýju ári.

Oddvita falið að skoða sorpeyðingargjald í tengslum við framtíðarskipan úrgangsmála í Akrahreppi.

2. Hreinlætismál og sorpflokkun

Það liggur fyrir að taka verður úrgangsmál og sorphirðu til gagngerrar endurskoðunar í svf. Akrahreppi sem og öðrum sveitarfélögum á Norðurlandi. Verður það gert í samráði og samstarfi við önnur sveitarfélög á Norðurlandi vestra.

3. Félagsheimilið Héðinsminni – framkvæmdir og viðhald

Hreppsnefnd samþykkir kaup á tækjabúnaði í eldhúsið. Lagt er til gagngert viðhald á eldhúsinu í ársbyrjun 2020.

4. Umsókn frá Félagi ferðapjónustunnar í Skagafirði.

Félag ferðapjónustunnar í Skagafirði er að vinna nýtt kynningarefni. Sótt er um styrk til Akrahrepps að upphæð 100.000 kr.

Hreppsnefnd samþykkir að verða við beiðninni.

5. Önnur mál

Engin önnur mál og fundi slitið klukkan 21.22